

## AUGLÝSING

### um viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Króatíu.

Hinn 24. febrúar 2009 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Króatíu sem gerður var í Brussel 9. júlí 2008, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 75, þar sem samningurinn er birtur. Alþingi hafði hinn 12. febrúar 2009, með þingsályktun nr. 4/136, heimilað ríkisstjórninni að staðfesta viðbótarsamninginn. Viðbótarsamningurinn öðlaðist gildi 30. mars 2009.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.*

F. h. r.

**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**VIÐBÓTARSAMNINGUR  
VIÐ NORÐUR-ATLANTSHAFSSAMNINGINN  
UM AÐILD LÝÐVELDISINS KRÓATÍU**

Aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949, sem eru sannfærðir um að öryggi á Norður-Atlantshafi muni aukast samfara aðild lýðveldisins Króatíu að samningnum,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins senda ríkisstjórn lýðveldisins Króatíu, fyrir hönd fyrrnefndra aðila, boð um aðild að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins skal lýðveldið Króatía fá aðild þann dag þegar það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjal sitt um aðild til vörslu.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi þegar hver og einn aðili að Norður-Atlantshafssamningnum hefur tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku um að hann hafi staðfest hann. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal tilkynna öllum aðilum að Norður-Atlantshafssamningnum um dagsetningu viðtöku hvernar slíkrar tilkynningar og um gildistökudag viðbótarsamnings þessa.

III. gr.

Viðbótarsamningur þessa, en textar hans á ensku og frönsku eru jafngildir, skal afhenda til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Fyrrnefnd ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnnum allra aðila að Norður-Atlantshafssamningnum endurrit hans staðfest með réttum hætti.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Undirritað í Brussel 9. júlí 2008.

**PROTOCOL**  
**to the North Atlantic Treaty**  
**on the Accession of the Republic of Croatia**

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Croatia to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Croatia an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with article 10 of the Treaty, the Republic of Croatia shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol

Signed at Brussels on the 9th day of July 2008.

—————  
C-deild – Útgáfudagur: 15. febrúar 2023